

From: [Vigfús Þór Hróbjartsson](#)
To: [Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps](#); [Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps](#)
Subject: 2205029 - Nýtt staðfang og samþykkt á framkvæmdaleyfi
Date: miðvikudagur, 30. nóvember 2022 12:10:52
Attachments: [image002.png](#)
[Lóðablað uppfært, Ártangi L168272, Ártangi 4, Vaðholt 1.pdf](#)
[F-550;Ártangi;undirritað.pdf](#)
[Ártangi L168272, fyrirspurn um lagningu vegar, umsögn Vegagerðar.pdf](#)

Góðan daginn og takk fyrir síðast, ég var að ræða við Ásu málið sem hann Gunnar á Ártanga hafði fyrir að nýta íbúafundinn í. Það snýr semsagt að stofnun lóðar á grundvelli deiliskipulagsbreytingar sem var gerð á svæðinu hjá honum. Deiliskipulagsbreytingin var gerð 2021 og umsókn um stofnun lóðarinnar kom inn núna á miðju þessu ári. Teygianlegur þessi árafjöldi..

Þetta mál hefur tafist annarsvegar á samþykki vegagerðarinnar fyrir nýrri vegtengingu og vegna nýs staðfangs fyrir þessa lóð. Það er semsagt ekkert tekið á því í deiliskipulaginu hvað barnið á að heita. Nú liggur fyrir bæði nýtt lóðarblað þar sem lóðinni er gefið staðfangið Vaðholt 1. Forsendur þess heitis er að það er lóð hinum megin við veginn nokkuð frá sem ber staðfangið Vaðholt 2. Þarna er því búið að taka á því að lóðir hægra megin við veginn bera slétt númer og svo er lóð vinstra megin við veginn með oddatölu númer. Við gerum engar athugasemdir við þetta en óskum eftir staðfestingu sveitarstjórnar á því að lóðin megi fá þetta staðfang. Svo hefur verið skilað inn fyrirspurn vegna vegtengingar sem byggir á heimildum deiliskipulags. Þar hefði verið réttast að óska eftir umsókn um framkvæmdaleyfi en ekki setja fram fyrirspurn en óháð því að þá þarf ég að fá staðfestingu frá sveitarstjórn varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis einnig. Mér dettur í hug að leysa þetta með einni bókun á fundi sveitarstjórnar án þess að taka málið fyrir í skipulagsnefnd þar sem að það liggur fyrir samþykkt deiliskipulag nú þegar sem tekur á þessari framkvæmd.

Ártangi L168272; Stofnun lóðar og nýtt staðfang; framkvæmdaleyfi vegna vegtengingar.

Lagt er fram lóðarblað vegna stofnunar lóðar úr upprunalandi Ártanga, L168272. Stofnun lóðar byggir á samþykktri breytingu á deiliskipulagi Ártanga sem birt var í B-deild stjórnartíðinda 29. Desember 2021.

Skipulagsfulltrúi óskar eftir samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps vegna staðfangs lóðarinnar sem ekki er tilgreint innan deiliskipulags. Lagt er til að lóðin fái staðfangið Vaðholt 1 í samræmi við framlagt lóðarblað.

Samhliða er lögð fram fyrirspurn er varðar nýja vegtengingu að lóðinni í takt við gildandi deiliskipulag ásamt umsögn Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemdir við umsótt staðfang lóðarinnar og mælist til þess að hún verði stofnuð á grundvelli gildandi deiliskipulags. Sveitarstjórn gerir jafnframt ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn er varðar nýja vegtengingu að lóðinni og mælist til þess að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi á grundvelli

fyrirspurnar. Umsækjanda verði gert grein fyrir álögðum gjöldum vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

Þið látið mig vita hvernig ykkur lýst á þetta, hefði þá viljað fá þetta inn á fundinn hjá ykkur núna 7.des.

Bestu kveðjur,
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi



Dalbraut 12

840 Laugarvatn

Sími: 4805550

www.utu.is

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](https://www.island.is) (mínar síður)

[Náðu þér í island.is – appið](https://www.island.is)

The graphic features the UTU logo and text on the left, and a smartphone displaying the app interface on the right. The text on the left reads: 'Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita', 'Fylgstu með pósthólfinu þínu', 'Náðu þér í island.is appið í símann', and 'Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is (Mínar síður)'.